

DEIGLA

ÍBÚAKÖNNUN LANDSHLUTANNA 2023

Gögn og aðferðir

Vífill Karlsson

Deigla: Rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna

Nr. 1 2025
Janúar 2025

ISSN 2672-6459



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI



HEKLAN



SSNE
Samtök atvinnuþróunar og atvinnuleysis
á Norðurland eystra



BYGGÐASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	3
2	Gögn	5
3	Aðferðir.....	15
3.1	Breytingar á milli kannana.....	15
3.1.1	Breytingar á milli ára 2016 og 2020	15
3.1.2	Breytingar á milli ára 2020 og 2023	18
3.2	Aðferðir í úrvinnslu innan hvers lands	18
3.2.1	Innri stöðu- og mikilvægisgreining	18
3.2.1.1	Staða og mikilvægi búsetuskilyrðanna.....	19
3.2.1.2	Breyting stöðu og mikilvægis búsetuskilyrða á milli kannana.....	20
3.2.1.3	Samanburður landsvæðis og höfuðborgarsvæðisins.....	21
3.3	Aðferðir í samanburði á milli allra landsvæða.....	23
3.3.1	Ytri stöðu- og lýðfræðigreining.....	23
3.3.2	Ytri stöðu- og mikilvægisgreining.....	24
3.3.2.1	Landfræðileg frávikagreining.....	24
3.3.2.2	Sældarlífseinkunn	26
3.3.3	Ytri stöðu- og temagreining.....	27
4	Viðauki	29
4.1	Merkingar búsetuþátta eða búsetuskilyrða, skilgreiningar og flokkun	29
4.2	Skilgreining landsvæða.....	30
4.3	Spurningar könnunarinnar	31
4.4	Stærð úrtaks með tilliti til þýðis	33
4.5	Fjöldi svara við einstökum liðum spurningar 12.....	34
4.6	Fjöldi svara við einstökum liðum spurningar 14.....	35
5	Heimildaskrá	36

MYNDIR

Mynd 1: Landsvæði könnunarinnar - Svæðaskipting	7
Mynd 2: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranessvæði 2023	19
Mynd 3: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – skýringarmynd	20
Mynd 4: Samanburður á milli kannana á Akranessvæði	21
Mynd 5: Samanburður Akranessvæðis og höfuðborgarsvæðis 2023	22
Mynd 6: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10.....	24
Mynd 7: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – dæmi	25
Mynd 8: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – dæmi með lituðum fjórðungum	26
Mynd 9: Heimilin á Borgarfjarðarsvæði 2016	27

TÖFLUR

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara eftir landshlutum 2016-2023	6
Tafla 2: Önnur svör og heildarfjöldi þeirra eftir landshlutum 2016-2023.....	7
Tafla 3: Yfirlit þýðis og fjölda svara fyrir landsvæði 2023	8
Tafla 4: Fjöldi svara við spurningum könnunarinnar	9
Tafla 5: Yfirlit þýðis og fjölda svara fyrir landshluta 2023	10
Tafla 6: Yfirlit yfir fjölda fullorðinna karla og kvenna eftir landsvæðum 2023	10
Tafla 7: Yfirlit yfir fjölda ungra þátttakenda eftir landsvæðum 2023	11
Tafla 8: Yfirlit yfir eldra fólk eftir landsvæðum 2023	12
Tafla 9: Yfirlit yfir innflytjendur í landsvæðum 2023	12
Tafla 10: Yfirlit yfir íbúa í dreifbýli eftir landsvæðum 2023	13
Tafla 11: Yfirlit yfir vægi fullorðinna íbúa tiltekinna landsvæða á Íslandi 2023	14
Tafla 12: Þættir sem skipt var út og öðrum inn 2020 í tveimur spurningum um stöðu og mikilvægi	15
Tafla 13: Samræmd flokkun atvinnugreina 2016 - 2023	17
Tafla 14: Merkingar á þáttum sem kallaðir eru búsetuskilyrði í þessari greiningarvinnu.....	29
Tafla 15: Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta.....	30
Tafla 16: Stærð úrtak og þýðis.....	33
Tafla 17: Fjöldi svara við spurningum könnunarinnar um stöðu ýmissa þátta	34
Tafla 18: Fjöldi svara við spurningum könnunarinnar um mikilvægi ýmissa þátta	35

1 INNGANGUR

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa frá árinu 2004 gert íbúakönnun á þriggja ára fresti til að kanna viðhorf íbúa landshlutans til ýmissa mikilvægra mála og hvort sú afstaða taki breytingum frá einu ári til annars. Könnuninni er einnig ætlað að vera innlegg í rannsóknir á búferlaflutningum og vinnumarkaði hinna ólíku landshluta vítt og breitt um landið og ættu gögnin geta nýst í frekari rannsóknir á því sviði. Hvatinn að könnuninni var mikill áþreifanlegur gagna-upplýsingaskortur á þessu sviði og það hefur því verið meginmarkmið könnunarinnar að safna þeim saman. Landsbyggðin er mjög ólík höfuðborgarsvæðinu en samfélög á landsbyggðinni eru líka ólík innbyrðis og því mikilvægt að hafa góð gögn um það í hverju sá munur felst og að geta greint stöðu samfélaganna víða um land svo unnt sé að sinna markvissri byggðaþróun og rannsóknum á því sviði. Á landsbyggðinni eru mjög fá menn samfélög en líka fjölmennari bæði sem þéttbýli og dreifbýli. Þar eru sjávarbyggðir, landbúnaðarhéruð og önnur svæði sem eru að þróast yfir í hafa fiskeldi eða ferðaþjónustu sem ráðandi atvinnugreinar. En jafnvel samfélög sem í fyrstu gætu hafa virst algjörlega sambærileg hafa reynst ólík og kannski mjög ólík þegar rýnt er í gögn. Ólafsfjörður og Siglufjörður eru dæmi um þetta auk Dala og Austur og Vestur Húnavatnssýslna (Vifill Karlsson, 2023). Þekking á slíkum svæðisbundnum muni getur aukið skilning á samfélagi okkar og verið lykill að árangursríkari aðgerðum til nýsköpunar og/eða í viðspyrnu fyrir samfélög í mótbyr. Hefðbundnar úrtakskannanir ná ekki að fanga mun af þessu tagi og því var á sínum tíma ráðist í framkvæmd þessarar könnunar.

Tilgangur könnunarinnar er að safna góðum upplýsingum til að meta hvort lífsgæði og staða á vinnumarkaði geti verið ólík eftir ýmsum blæbrigðum landsbyggðarinnar eins og dæmi voru tekin um hér framar.

Sökum þekktra þjóðfélagsbreytinga, eins og t.d. fjölgunar innflytjenda, hefur úrtaksaðferðin breyst og þróast eins og síðar verður lýst og gerir það gögnin erfiðari í samanburði á milli kannana en skráning og flokkun gagnanna dregur úr þeim ágalla. Það hefur hins vegar gert það að verkum að fáar kannanir hérlendis ná eins vel til innflytjenda, ungs fólks og eldra fólks.

Eftir allnokkuð þróunarferli, sem lesa má um í inngangi skýrslunnar fyrir Vesturland (Vifill Karlsson, 2017, bls. 8-7), var ákveðið að bjóða öðrum landshlutasamtökum að vera með. Það þáðu Reykjanes og Norðurland vestra árin 2016 og Suðurland og Vestfirðir árið 2017. Árið 2020 bættust Norðurland eystra við og Austurland. Byggðastofnun kom þá líka inn sem aðili að þessari rannsókn. Þó svo að tölur yfir höfuðborgarsvæðið sé að finna hér þá eru samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) ekki aðili að rannsókninni þrátt fyrir að þeim hafi ítrekað verið boðið að vera með. Gögn höfuðborgarsvæðisins eru mikilvæg í öllum samanburði við aðra landshluta og landsvæði.

Fyrst eftir að fleiri landshlutar komu inn í könnunina 2016/2017 var hún kölluð Íbúakönnun á Íslandi en síðan hefur hún verið kölluð Íbúakönnun landshlutanna og finnast þær því undir þeim leitarorðum á netinu.

Meginmarkmið könnunarinnar hefur alltaf verið að draga fram afstöðu íbúa einstakra landsvæða til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu búsetuskilyrða heimilanna. Auk þess var grenslast fyrir um stöðuna á vinnumarkaði, hvort fólk íhugaði brottflutning og ánægju þess með að búa á viðkomandi stöðum, svo eitthvað sé nefnt.

Í skýrslunni er að finna lýsandi greiningu á niðurstöðum sem birtist í punkta- og súluritum sem ætlunin er að lýsa í þessu riti og er það hluti af öðru riti þar sem nánast eingöngu er að finna niðurstöðurnar í formi lýsandi greiningar (Vifill Karlsson & Hrafnhildur Tryggvadóttir, 2024) sem hoppa má beint á með því að smella [hér](#).

Skýrslan var unnin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Höfundar hennar eru Vifill Karlsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA) safnaði netföngum eftir úrtakslista frá Þjóðskrá. Prófarkarlestur var í höndum Ásthildar Magnúsdóttur. Aðstoð við þróun á könnun, söfnun gagna og ýmislegt annað veittu Dagný Gísladóttir hjá Heklunni, Sigurður Líndal Þórisson hjá Vestfjarðarstofu, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir hjá SSNV, Ari Páll Pálsson hjá SSNE, Gabríel Arnarson hjá Austurbrú og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir hjá SASS. Er öllum þakkað samstarfið.

2 GÖGN

Spurningakönnun, sem var netkönnun, var lögð fyrir íbúa allra þessara landshluta, en þó í fimm aðskildum aðgerðum: 1) Fengið var slembiúrtak meðal íbúa landshluta úr þjóðskrá. 2) Hringt var í hópinn og honum boðið að taka þátt. Þeir sem samþykktu að taka þátt voru beðnir um netfang en þeim sem ekki vildu svara með þeim hætti var boðið upp á póstkönnun. 3) Síðan var könnunin send út, ýmist með tölvupósti eða hefðbundinni póstsendingu. Þar næst var þátttakendum vefkönnunarinnar send áminning tvisvar en stundum oftast ef þörf var á. Þar réði þátttaka á tilteknum svæðum. 4) Svör með hefðbundnum póstsendingum voru sett saman við þau svör sem komu með vefkönnun. 5) Úrvinnsla. Árið 2023 var í fyrsta skipti ekki boðið upp á póstleiðina. Könnunin var hrein póstkönnun fyrstu þrjú árin (á Vesturlandi eingöngu) en síðan vefkönnun með möguleika á póstkönnun fyrir þá sem það kusu frekar. Í upphafi þátttöku hvers landshluta var stórum netfangalista safnað með ofangreindri aðferð¹. Hann hefur síðan verið nýttur aftur í næstu könnun auk þess sem að u.þ.b. 20% hefur verið bætt við hann með ofangreindri aðferð. Það er vegna þess að netföng fyrnast t.d. þegar fólk skiptir um starf.

Í fyrstu framkvæmd könnunarinnar í gegnum SurveyMonkey kom í ljós að of margir póstar rötuðu í ruslpósthólf hjá þátttakendum þegar hún var send út í gegnum það kerfi. Það dró óhjákvæmilega úr svörum. Þá var brugðið á það ráð að senda póstana beint frá starfsmönnum viðkomandi landshlutasamtaka. Fjöldi netfanga sem safnast hefur frá upphafi þátttöku er því mjög mikill og því erfitt að reikna út raunverulegt svarhlutfall. Við þær aðstæður er best að tilgreina upphaflegt úrtak úr þjóðskrá, birta svo fjölda þeirra sem samþykktu að taka þátt og fjölda svara (Tafla 1). Svarhlutfallið byggist síðan á fjölda svara og fjölda þeirra sem samþykktu að taka þátt. Í útreikningum á fjölda netfanga úr fyrri könnun(um) yfir í fjölda þeirra sem samþykktu að taka þátt í yfirstandandi könnun var gert ráð fyrir 80% af þeim sem samþykktu að taka þátt í fyrri könnun, vegna úreldinga netfanga.

Sérstakt átak var gert til að fá fleiri þátttakendur af erlendum uppruna. Allt of fáir komu úr þeirra hópi í úrtakinu vegna þess að jafnvel þó innflytjendur finnist í þjóðskrá þá er óvenju stór hluti þeirra ekki með skráð símanúmer hérlendis. Þess vegna var haft samband við þennan hóp í gegnum fésbókarhópa fyrir innflytjendur á Íslandi. Einnig var haft samband við sveitarfélög og þau beðin um aðstoð í þessum tilgangi, t.d. í gegnum fjölmenningsfulltrúa þeirra ef slík stöðugildi voru fyrir hendi. Þá var haft samband við innflytjendur og þeir beðnir um að hvetja aðra innflytjendur til þátttöku og þeir síðan beðnir um að hafa samband við nokkra aðra úr þeim hópi í sama tilgangi og svo koll af kolli. Þessi aðferð kallast snjóboltaaðferð hér (Tafla 2). Snjóboltaaðferðinni var beitt í tveimur öðrum tilvikum. Það var gagnvart yngsta aldurshópnum og fámennustu landsvæðunum eins og t.d. í Dölunum þar sem þýðið var rétt rúmlega 500 og erfitt er að ná nægjanlega miklum fjölda þátttakenda í gegnum úrtak.

Með þessum hætti náðist betur fram afstaða þessara hópa sem alla jafna skila sér frekar illa inn í skoðanakannanir með hreinum tilviljunarkenndum úrtökum. Tæplega 3.000 svör bættust við með snjóboltaaðferðinni þau ár sem henni hefur verið beitt, 2020 og 2023 (Tafla 2). Athygli lesenda er vakin á því að þátttakendur höfuðborgarsvæðisins voru nánast eingöngu sóttir með snjóboltaaðferðinni árið 2020 en það var vegna þess að ekki var keypt úrtak fyrir það ár.

¹ Ein undantekning er frá þessu á Vesturlandi árið 2013 en þá átti SSV netfangalista sem talinn var mjög gott þversnið af samfélaginu á Vesturlandi en svo reyndist alls ekki vera, einkum m.t.t. menntunar þátttakenda.

Innviðaráðuneytið fjármagnaði hins vegar úrtak af höfuðborgarsvæðinu árið 2023 þar sem ráðuneytið óskaði eftir því að fá að nýta gögn könnunarinnar. Jafnframt er vakin athygli á því að Hveragerði stendur alveg stakt í þessu yfirliti en það var einnig vegna aðkomu Innviðaráðuneytis að könnuninni en ráðuneytið vildi geta náð nægjanlega mörgum svörum fyrir öll sveitarfélög með fleiri en 2.999 íbúa.

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara eftir landshlutum 2016-2023

	<i>Landshluti</i>	<i>2016 & 2017</i>	<i>2020</i>	<i>2023</i>
Upphaflegt úrtak	Suðurnes	4.745	2.089	1.237
	Vestfirðir	2.820	1.050	1.018
	Norðurland vestra	2.668	942	841
	Vesturland	3.667	1.081	1.700
	Suðurland	5.258	2.064	1.684
	Austurland		2.617	951
	Norðurland eystra		2.150	3.890
	Höfuðborgarsvæðið			6.586
	Hveragerði			1.000
	Samtals	19.158	11.993	18.907
	Samþykktu þátttöku	Suðurnes	1.964	2.252
Vestfirðir		1.440	1.510	1.588
Norðurland vestra		1.360	1.424	1.507
Vesturland		1.770	1.816	2.106
Suðurland		2.776	2.913	2.981
Austurland			1.242	1.358
Norðurland eystra			2.150	2.392
Höfuðborgarsvæðið				1.999
Hveragerði				159
Samtals		9.310	13.307	16.358
Fjöldi svara	Suðurnes	1.013	1.055	773
	Vestfirðir	1.081	852	834
	Norðurland vestra	921	716	946
	Vesturland	1.197	1.024	1.210
	Suðurland	1.750	1.587	1.284
	Austurland		884	719
	Norðurland eystra		1.407	1.167
	Höfuðborgarsvæðið		198	1.647
	Hveragerði			105
	Samtals	5.962	7.723	8.685
Svarhlutfall	Suðurnes	52%	47%	34%
	Vestfirðir	75%	56%	53%
	Norðurland vestra	68%	50%	63%
	Vesturland	68%	56%	57%
	Suðurland	63%	54%	43%
	Austurland		71%	53%
	Norðurland eystra		65%	49%
	Höfuðborgarsvæðið			82%
	Hveragerði			65%
	Samtals	64%	58%	53%


Í fyrstu könnuninum, sem voru eingöngu gerðar á Vesturlandi, var landshlutanum skipt upp í fjögur mismunandi landsvæði. Fyrst voru Akranes og Hvalfjarðarsveit sett saman í eitt svæði, svo Borgarbyggð og Skorradalshreppur, næst sveitarfélögin á Snæfellsnesi og að síðustu var Dalabyggð í einu svæði. Með hliðsjón af þessari reynslu af Vesturlandi fengu aðstæður innan hvers landshluta, sem metnar voru af viðkomandi atvinnuþróunarfélagi eða landshlutasamtökum, að ráða því hvernig þau voru brotin upp. Stundum samanstóðu þau af einu sveitarfélagi og stundum fleiri. Skilgreiningarnar má finna í viðauka, kafla 0. Breytingar á skilgreiningum frá 2020 eru

aðallega vegna sameininga sveitarfélaga frá því ári en þess utan er landsvæðið sem kallað var Fjarðarbyggð og Suðurfirðir árið 2020 kallað Fjarðabyggð í núverandi íbúakönnun.

Tafla 2: Önnur svör og heildarfjöldi þeirra eftir landshlutum 2016-2023

	Landshluti	2016 & 2017	2020	2023
Snjóbóltsvör	Suðurnes		185	353
	Vestfirðir		155	97
	Norðurland vestra		114	97
	Vesturland		661	653
	Suðurland		94	1095
	Austurland		58	22
	Norðurland eystra		287	133
	Höfuðborgarsvæðið		1257	265
	Hveragerði			
	Samtals			2.811
Heildarfjöldi svara	Suðurnes	1.013	1.240	1.126
	Vestfirðir	1.081	1.007	931
	Norðurland vestra	921	830	1.043
	Vesturland	1.197	1.685	1.863
	Suðurland	1.750	1.681	2.379
	Austurland		942	741
	Norðurland eystra		1.694	1.300
	Höfuðborgarsvæðið		1.455	1.912
	Hveragerði			105
	Samtals	5.962	10.534	11.400

Könnunin var framkvæmd í einu lagi fyrir alla landshluta og hófst 27. október 2023 en síðustu svör bárust 22. mars 2024. Þetta dróst svona vegna þarfa ráðuneytis sveitarstjórnarmála fyrir gögnin að þessu sinni. Þá var fólki af erlendum uppruna gefin rýmri tími en öðrum þátttakendum. Við framkvæmdina var stuðst við úrtaksviðmið Veal (2006) en þó með mikilli varúð.



Mynd 1: Landsvæði könnunarinnar - Svæðaskipting

Ákveðið var að vinna þetta í samráði við RHA og byggja á reynslu þeirra í sambærilegum verkefnum. Hún er sú að ekki næst í nema u.þ.b. 78% þeirra sem eru á úrtakslista þegar hringt er. Þá samþykkir u.þ.b. helmingur að taka þátt í könnuninni og gefur upp netfang eða heimilisfang. Af þeim svarar eingöngu helmingur könnuninni á endanum. Út frá þessari reynslu var úrtak úr Þjóðskrá reiknað. Hins vegar er svörun á flestum svæðum frekar góð þegar miðað er við úrtaksreglu Veal (2006) eins og sjá má í viðauka skýrslu þessarar.

Yfirlit yfir þátttöku í könnuninni er að finna í næstu töflum. Fyrst er að finna yfirlit yfir landsvæðin (Tafla 3) og síðan landshlutana (Tafla 5). Könnunin er unnin með landsvæðin í huga og úrtaksstærðin miðast við þau. Þess vegna verða svörin fyrir landshlutana miklu fleiri en nauðsynlegt væri ef við sættum okkur eingöngu við þá landshlutaskiptingu.

Tafla 3: Yfirlit þýðis og fjölda svara fyrir landsvæði 2023

LH ¹⁾	Landsvæði	Fjöldi íbúa 2023	Fjöldi íbúa 2023 18 ára og eldri	Úrtak, fræðilegt	Svör frá úrtaki	Önnur svör ²⁾	Öll svör	Svarhlutfall, úrtak	Svarhlutfall, öll svör
NV	A-Húnavatnssýsla	1.824	1.413	918	268	31	299	29%	33%
VL	Akranessvæði	8.603	6.599	1.103	510	294	804	46%	73%
NE	Akureyri	19.559	15.322	1.136	608	59	667	54%	59%
SL	Árnessýsla	20.484	15.918	1.139	690	656	1.346	61%	118%
VL	Borgarfjarðarsvæði	4.009	3.192	1.039	360	150	510	35%	49%
VL	Dalir	637	514	514	80	48	128	16%	25%
NE	Eyjafljórdur	6.585	5.208	1.085	297	37	334	27%	31%
AL	Fjarðabyggð	5.070	3.990	1.064	297	11	308	28%	29%
SN	Grindavíkurbær	3.562	2.713	1.021	149	20	169	15%	17%
AL	Hérað og N-Múlasýsla	5.811	4.600	1.076	416	11	427	39%	40%
HB	Höfuðborgarsvæðið	239.289	188.906	1.164	1.647	265	1.912	141%	164%
VF	N-Vestfirðir	4.926	3.915	1.061	525	61	586	49%	55%
SL	Rangárvallasýsla	4.024	3.228	1.042	229	117	346	22%	33%
SN	Reykjanesbær	20.990	16.426	1.139	343	266	609	30%	53%
SL	Skaftafellssýslur	3.858	3.227	1.042	235	249	484	23%	46%
NV	Skagafjarðarsýsla	4.206	3.321	1.045	460	52	512	44%	49%
VL	Snæfellsnes	3.835	3.039	1.036	254	161	415	25%	40%
VF	Strandir og Reykhólar	811	673	673	133	10	143	20%	21%
SN	Suðurnesjabær	3.820	2.945	1.030	196	54	250	19%	24%
SN	Sveitarfélagið Vogar	1.337	1.070	858	81	13	94	9%	11%
VF	S-Vestfirðir	1.362	1.100	864	176	26	202	20%	23%
SL	Vestmannaeyjabær	4.376	3.484	1.052	223	71	294	21%	28%
NV	V-Húnavatnssýsla	1.217	984	839	202	14	216	24%	26%
NE	Þingeyjarsýsla	5.023	4.112	1.067	254	37	291	24%	27%
	Óstaðsett				538	225	763		
	Samtals	375.218	295.899	24.007	9.171	2.938	12.109	38%	50%

1) Skýring: LH (landhluti) er Suðurnes (SN), Vesturland (VL), Vestfirðir (VF), Norðurland vestra (NV) og Suðurland (SL) 2) Svör fengin eftir það sem kallað var snjóboltaaðferð í megintexta.

Vigta þyrfti svörin eftir íbúafjölda ef menn vildu greina afstöðu íbúa tiltekinna landshluta og landsins alls en miklu síður fyrir landsvæði þar sem könnunin var hönnuð með þau í huga og úrtakið líka. Gagnasafnið sem byggst hefur upp síðan 2016 er því einstakt vegna þess hversu margir hafa tekið þátt og hversu mikið hægt er að brjóta landið allt upp í landshluta sem greina má eftir fjölda vídda sem vikið var að í inngangi. Í könnunum hafa 28.576 einstaklingar tekið þátt frá 2016, þar af hafa 27.736 gefið upp heimilisfang og því hægt að rekja svörin til landshluta og landsvæða. Á yfirlitinu (Tafla 3) má sjá fjölda íbúa á viðkomandi landsvæðum og síðan fjölda þeirra sem náð hafa 18 ára aldri því það er í rauninni sá hluti íbúanna sem boðin var þátttaka

(þýðið). Svo var reiknað út fræðilegt úrtak². Næst var að finna fjölda svara sem komu frá netfangalistum sem safnað hafði verið saman á grundvelli tilviljunarkennds úrtaks. Þar næst, til hægri í töflunni, er fjöldi annarra svara sem komu vegna snjóboltaaðferðarinnar og svo öll svör. Síðustu tveir dálkarnir eru svarhlutföll þar sem úrtakinu er deilt upp í fjölda svara frá úrtaki annars vegar og allra svara hins vegar. Þar sést að svarhlutföllin eru á bilinu 9%-141% þegar horft var eingöngu til svara frá úrtaki en 11%-161% þegar öll svör voru notuð við útreikningana (Tafla 5). Sveitarfélagið Vogar var lægst og þyrfti að laga fyrir næstu könnun því þetta er ósættanleg niðurstaða. Höfuðborgarsvæðið er svona hátt vegna þess að ráðuneyti sveitarstjórnarmála vildi geta gert ákveðnar greiningar sem kröfðust þess að hægt væri að brjóta það upp eftir sveitarfélögum og því verið að nota margfalt stærra úrtak en það fræðilega fyrir landshlutann sem eina heild.

Tafla 4: Fjöldi svara við spurningum könnunarinnar

Nr.	Spurning (stytt orðalag, fullt orðalag í viðauka)	2023	2020	2016
1.	Kyn	11.466	10.444	5.647
2.	Fæðingarár	10.790	10.011	5.886
3.	Heimili	11.464	0.367	5.905
4.	Býrðu í bæ eða sveit?	11.475	10.504	5.879
5.	Á hvaða stað (byggðakjarna) býrðu?	9.459	8.699	-
6.	Í hvaða sveitarfélagi býrðu?	11.346	10.268	5.962
7.	Hvað hefur þú búið lengi í sveitarfélaginu samtals (í árum talið)?	11.162	10.203	5.494
8.	Í hvaða landshluta býrðu?	11.346	10.268	5.962
9.	Ertu með íslenskan ríkisborgararétt?	11.314	10.162	
10.	Hvað hefur þú búið lengi á Íslandi?	883	1.094	38
11.	Hvernig myndir þú meta eigin íslenskukunnáttu?	869	-	-
12.	Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta (sjá nánar í töflu 4)*	9.459	8.435	5.387
13.	Telur þú það vera gott eða slæmt að búa þar sem þú býrð?	10.107	9.029	5.505
14.	Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu? (sjá nánar í töflu 5)*	9.648	8.570	5.283
15.	Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum á næstu tveimur árum?	10.090	8.980	5.482
17.	Hver er staða þín á vinnumarkaði?	10.040	8.553	5.495
18.	Innan hvaða atvinnugreinar er þitt aðalstarf?	7.114	6.568	4.205
19.	Hversu langt er á milli heimilis þíns og vinnustaðar?	7.261	6.495	3.681
20.	Í hvaða sveitarfélagi starfar þú / er starfsstöð þín?	7.218	6.442	-
21.	Að hvað miklu leyti hefur þú val um að sinna starfi þínu hvar sem er?	7.275	-	-
22.	Til hvaða starfsstéttar telst þitt aðalstarf?	8.895	8.746	4.212
23.	Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfsgrein (ár)?	7.274	6.558	4.273
24.	Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda (ár)?	6.988	6.286	4.000
25.	Hvert er starfshlutfall þitt?	7.206	6.486	4.045
26.	Hverjar eru heildartekjur þínar fyrir skatta á mánuði?	8.088	7.207	3.702
27.	Hver er menntun þín?	9.482	10.944	6.141
28.	Hefur þú nýtt þér ráðgjafaþjónustu á vegum landshlutasamtaka?	9.744	8.656	5.268
29.	Hversu hamingjusamur/hamingjusöm ertu í dag á skalanum 1 til 10?	9.247	7.751	4.659
30.	Hvert er viðhorf þitt til þjónustu sveitarfélagsins sem þú býrð?	9.674	-	-
32.	Hversu vel finnst þér sveitarfélagið leita eftir skoðunum íbúanna?	9.620	-	-
33.	Hvað finnst þér um fjölda ferðamanna í þinni heimabyggð?	9.045	-	-

* Hér eru meðaltöl talnanna sem koma fram í töflu viðauka.

² Fræðilegt úrtak á viðkomandi landsvæði er reiknað út eins og framkvæma ætti í könnunina í fyrsta sinn hvert framkvæmdarár (nú 2023) og að póstkönnun væri beitt og svarhlutfall svo reiknað út frá því (Tafla 1). Það er ekki langt frá sanni því viðbótin á fjölda netfanga hverju sinni miðast við þá grunntölu. Úrtak var því reiknað fyrir hvert landsvæði og það síðan umreiknað m.v. að vænt svarhlutfall verði 33% eins og algengt var þegar hefðbundnar póstkannanir voru framkvæmdar. Í úrtaksútreikningum var gert ráð fyrir 5% marktæktarkröfu. Þetta var gert svona því upplýsingar til gera töflur fyrir landsvæði eins og gerðar voru fyrir landshluta voru ekki til. Upplýsingar yfir úrtak úr þjóðskrá og fjölda netfanga frá einu landsvæði til annars frá upphafi voru ekki til.

Vakin skal athygli á því að svarhlutföllin þarna eru eins og þau gerast hæst því þátttakendum var frjálst að sleppa spurningum og því yfirleitt eitthvað færri og oft töluvert færri sem svöruðu en þarna er tilgreint. Yfirlit yfir svörun flestra spurninga könnunarinnar er að er að finna í næstu töflu (Tafla 4).

Þegar miðað er við 5% marktektarkröfu hefðu svör frá úrtaki á stöku landsvæðum þurft að vera á bilinu 200-400. Vissulega eru þarna svæði sem eru mjög fámenn og taka þarf tillit til þess en varkárni þarf við túlkun niðurstaðnanna. Ekki þótti verjanlegt að slá svæðum eins og Dölum og Ströndum og Reykhólum saman við önnur stærri, jafnvel þó svo erfitt sé að vinna með þau út frá skilyrðum tölfræðinnar. Í stöku rannsóknum getur verið mjög mikill fengur í því að slá allra fámennustu sveitarfélögunum saman í eitt til samanburðar við þau fjölmennari. Þess ber þó að geta að fjöldi í þessari könnun hefur stundum verið minni á hverju svæði – sérstaklega á meðan þetta voru póstkannanir – og hefur reynslan sýnt að mikilvægara er að styðjast við tilviljunarkennt úrtak eins og hér var gert en að nákvæmlega nægjanlegur fjöldi náist (Vífill Karlsson, 2017). Sum svör koma reyndar ekki frá tilviljunarkenndu úrtaki eins fjallað verður um síðar, en þó lang flest eins og sást hér að framan (Tafla 1 og Tafla 2) og sjá má á síðar (Tafla 6 til Tafla 11), en þau eru rækilega merkt og alltaf má skilja gagnasafnið í sundur að þessu leyti. Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að mikil umræða er um það hversu góð viðmið, eins og marktektarkrafa, eru í raun og veru innan tölfræðinnar (Gelman & Geurts, 2017; Gelman & Loken, 2014).

Tafla 5: Yfirlit þýðis og fjölda svara fyrir landshluta 2023

LH ¹⁾	Landhluti	Fjöldi íbúa 2023	Fjöldi íbúa 2023 18 ára og eldri	Úrtak, fræðilegt	Svör frá úrtaki	Önnur svör ²⁾	Öll svör	Svarhlutfall, úrtak	Svarhlutfall, öll svör
AL	Austurland	10.881	8.590	2.140	713	22	735	33%	34%
HB	Höfuðborgarsvæðið	239.289	188.906	1.164	1.647	265	1.912	141%	164%
NE	Norðurland eystra	31.167	24.642	3.288	1.159	133	1.292	35%	39%
NV	Norðurland vestra	7.247	5.718	2.802	930	97	1.027	33%	37%
SL	Suðurland	32.742	25.857	4.275	1.377	1.093	2.470	32%	58%
SN	Suðurnes	29.709	23.154	4.048	769	353	1.122	19%	28%
VF	Vestfirðir	7.099	5.688	2.598	834	97	931	32%	36%
VL	Vesturland	17.084	13.344	3.692	1.204	653	1.857	33%	50%
	Óstaðsett				538	225	763		
	Samtals	375.218	295.899	24.007	9.171	2.938	12.109	38%	50%

1) Skýring: LH (landhluti) er Suðurnes (SN), Vesturland (VL), Vestfirðir (VF), Norðurland vestra (NV) og Suðurland (SL) 2) Svör fengin eftir það sem kallað var snjóboltaaðferð í meginexta.

Samskonar yfirlit er að finna yfir landshlutana (Tafla 5). Þar sést að svarhlutföllin eru alls staðar góð nema á Reykjanesi.

Nú verður þátttaka einstakra hópa í könnuninni borin saman við raunverulega skiptingu þeirra samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Byrjum á þátttöku karla og kvenna. Mun fleiri konur tóku þátt í könnuninni en karlar, eða 6.121 á móti 5.068 og því 21,6% fleiri (Tafla 6). Konur eru hins vegar 4,4% færri á Íslandi en karlar og munurinn því 26% á könnuninni og rauntölum.

Tafla 6: Yfirlit yfir fjölda fullorðinna karla og kvenna eftir landsvæðum 2023

Landsvæði	Hagstofan		Könnunin		Könnunin / Hagstofa
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Munur%
A-Húnavatnssýsla	962	862	131	160	33%
Akranes og Hvalfjörður	4.475	4.126	331	466	49%

Akureyri	9.810	9.740	326	338	4%
Árnessýsla	10.440	10.036	538	794	51%
Borgarfjarðarsvæði	2.079	1.930	244	258	13%
Dalir	333	304	58	70	29%
Eyjafjörður	3.353	3.230	173	160	-4%
Fjarðabyggð	2.739	2.329	158	145	7%
Grindavíkurbær	1.866	1.695	77	92	29%
Hérað og N-Múlasýsla	3.010	2.799	214	205	3%
Höfuðborgarsvæðið	121.210	117.982	864	1.023	21%
N-Vestfirðir	2.516	2.409	251	330	36%
Rangárvallasýsla	2.093	1.931	140	203	53%
Reykjanesbær	11.175	9.814	276	328	31%
Skaftafellssýslur	2.032	1.826	185	295	70%
Skagafjarðarsýsla	2.114	2.092	257	250	-2%
Snæfellsnes	2.001	1.834	176	235	42%
Strandir og Reykhólar	420	391	64	78	29%
Suðurnesjabær	2.055	1.763	115	132	29%
Sveitarfélagið Vogar	720	617	36	57	73%
S-Vestfirðir	749	613	73	128	94%
Vestmannaeyjabær	2.347	2.028	134	160	33%
V-Húnavatnsýsla	597	619	101	110	5%
Þingeyjarsýsla	2.642	2.380	146	144	9%
Samtals	191.738	183.350	5.068	6.161	26%
Aths.: Fullorðnir eru þeir sem náð hafa 18 ára aldri					

Þessi munur var hins vegar ákaflega misjafn eftir landsvæðum eða allt frá því að vera -2% munur og upp í 94% (Tafla 6). Minnstur munur var í Skagafjarðarsýslu en mestur á S-Vestfjörðum.

Tafla 7: Yfirlit yfir fjölda ungra þátttakenda eftir landsvæðum 2023

Landsvæði	Hagstofan		Könnunin		Könnunin / Hagstofa Munur%
	Allir	Ungir	Allir	Ungir	
A-Húnavatnssýsla	1.413	386	284	17	-21%
Akranes og Hvalfjörður	6.599	1.961	764	95	-17%
Akureyri	15.322	4.726	620	105	-14%
Árnessýsla	15.918	4.732	1.258	186	-15%
Borgarfjarðarsvæði	3.192	952	474	77	-14%
Dalir	514	129	118	19	-9%
Eyjafjörður	5.208	1.438	312	24	-20%
Fjarðabyggð	3.990	1.227	284	31	-20%
Grindavíkurbær	2.713	875	160	19	-20%
Hérað og N-Múlasýsla	4.600	1.322	394	47	-17%
Höfuðborgarsvæðið	188.906	59.935	1.807	294	-15%
N-Vestfirðir	3.915	1.146	546	79	-15%
Rangárvallasýsla	3.228	1.004	319	39	-19%
Reykjanesbær	16.426	5.819	584	65	-24%
Skaftafellssýslur	3.227	1.345	444	88	-22%
Skagafjarðarsýsla	3.321	936	480	42	-19%
Snæfellsnes	3.039	908	390	56	-16%
Strandir og Reykhólar	673	159	131	14	-13%
Suðurnesjabær	2.945	936	232	32	-18%
Sveitarfélagið Vogar	1.070	314	91	7	-22%
S-Vestfirðir	1.100	395	189	37	-16%
Vestmannaeyjabær	3.484	1.046	279	37	-17%
V-Húnavatnsýsla	984	276	201	20	-18%
Þingeyjarsýsla	4.112	1.231	274	18	-23%
Samtals	295.899	93.198	10.635	1.448	-18%
Aths.: Ungir eru þeir sem eru á aldrinum 18-34 ára					

Ungir þátttakendur hefðu mátt vera fleiri í könnuninni en þeir voru 18% færri en þeir voru í reynd hlutfallslega. Þessi munur er nokkuð ólíkur eftir landsvæðum, eða frá -9% í Dölum til -24% í Reykjanesbæ (Tafla 7), þó svo að sá munur sé hlutfallslega miklu minni en hvað varðar muninn á milli þátttöku kvenna og karla (Tafla 6).

Tafla 8: Yfirlit yfir eldra fólk eftir landsvæðum 2023

Landsvæði	Hagstofan		Könnunin		Könnunin / Hagstofa
	Allir	Eldri	Allir	Eldri	Munur%
A-Húnavatnssýsla	1.413	370	299	78	0%
Akranes og Hvalfjörður	6.599	1.462	796	209	4%
Akureyri	15.322	3.255	663	137	-1%
Árnessýsla	15.918	3.511	1.339	275	-2%
Borgarfjarðarsvæði	3.192	752	505	127	2%
Dalir	514	136	125	24	-7%
Eyjafjörður	5.208	1.216	334	89	3%
Fjarðabyggð	3.990	782	307	84	8%
Grindavíkurbær	2.713	403	168	20	-3%
Hérað og N-Múlasýsla	4.600	1.061	421	93	-1%
Höfuðborgarsvæðið	188.906	35.792	1.896	440	4%
N-Vestfirðir	3.915	847	579	92	-6%
Rangárvallasýsla	3.228	702	341	85	3%
Reykjanesbær	16.426	2.355	603	111	4%
Skaftafellssýslur	3.227	595	479	85	-1%
Skagafjarðarsýsla	3.321	802	509	117	-1%
Snæfellsnes	3.039	630	412	83	-1%
Strandir og Reykhólar	673	221	142	27	-14%
Suðurnesjabær	2.945	550	249	54	3%
Sveitarfélagið Vogar	1.070	165	93	21	7%
S-Vestfirðir	1.100	180	201	29	-2%
Vestmannaeyjabær	3.484	797	293	61	-2%
V-Húnavatnssýsla	984	277	214	54	-3%
Þingeyjarsýsla	4.112	974	291	79	3%
Samtals	295.899	57.835	11.259	2.474	2%

Aths.: Eldri eru þeir sem náð hafa 65 ára aldri

Þátttaka eldra fólks (65 ára og eldri) endurspegladi nokkuð raunverulegan hluta þeirra sem var 2% fyrir landið allt en eftir landsvæðum á bilinu -14% á Ströndum og Reykhólum til 8% í Fjarðabyggð (Tafla 8). Takið eftir því að mínus tala hér þýðir að hlutur eldra fólks í könnuninni er minni en hlutur þeirra í þýðinu, þ.e. tölum Hagstofu Íslands yfir skráða íbúa sem náð hafa 65 ára aldri á landinu og viðkomandi landsvæðum. Sums staðar var nánast fullkomið jafnvægi í þessum tölum (og því engin munur á könnuninni og þýðinu hvað þennan hóp snertir) eins og í A-Hún þar sem munurinn var námundaður við 0% en víða 1% (að tölugildi).

Tafla 9: Yfirlit yfir innflytjendur í landsvæðum 2023

Landsvæði	Hagstofan		Könnunin		Könnunin / Hagstofa
	Allir	Innflytjendur	Allir	Innflytjendur	Munur%
A-Húnavatnssýsla	1.413	230	299	9	-13%
Akranes og Hvalfjörður	6.599	1.061	796	19	-14%
Akureyri	15.322	1.973	663	43	-6%
Árnessýsla	15.918	3.106	1.339	103	-12%
Borgarfjarðarsvæði	3.192	905	505	29	-23%
Dalir	514	58	125	3	-9%
Eyjafjörður	5.208	797	334	8	-13%
Fjarðabyggð	3.990	1.206	307	9	-27%
Grindavíkurbær	2.713	872	168	9	-27%

Hérað og N-Múlasýsla	4.600	1.011	421	2	-22%
Höfuðborgarsvæðið	188.906	50.559	1.896	219	-15%
N-Vestfirðir	3.915	1.250	579	67	-20%
Rangárvallasýsla	3.228	1.073	341	17	-28%
Reykjanesbær	16.426	7.450	603	106	-28%
Skaftafellssýslur	3.227	1.528	479	62	-34%
Skagafjarðarsýsla	3.321	426	509	14	-10%
Snæfellsnes	3.039	1.036	412	34	-26%
Strandir og Reykhólar	673	72	142	10	-4%
Suðurnesjabær	2.945	1.059	249	19	-28%
Sveitarfélagið Vogar	1.070	348	93	5	-27%
S-Vestfirðir	1.100	453	201	21	-31%
Vestmannaeyjabær	3.484	703	293	56	-1%
V-Húnavatnsýsla	984	200	214	4	-18%
Þingeyjarsýsla	4.112	1.044	291	14	-21%
Samtals	295.899	78.420	11.259	882	-19%

Innflytjendur hefðu alveg mátt vera fleiri í könnuninni eins og sjá má á tölunum en þeir voru 19% færri en hlutur þeirra í þýðinu á landinu öllu segir til um (Tafla 9). 882 innflytjendur komu inn í könnunina en í sumum spurningum svöruðu tæplega 600 innflytjendur. Munurinn er síðan ákaflega misjafn frá einu landsvæði til annars eða frá því að vera mestur -34% í Skaftafellssýslum niður í það að vera minnstur -1% í Vestmannaeyjum.

Tafla 10: Yfirlit yfir íbúa í dreifbýli eftir landsvæðum 2023

Landsvæði	Hagstofan		Könnunin		Könnunin / Hagstofa
	Allir	Dreifbýli	Allir	Dreifbýli	Munur%
A-Húnavatnssýsla	1.413	451	299	85	-3%
Akranes og Hvalfjörður	6.599	508	798	60	0%
Akureyri	15.322	334	666	5	-1%
Árnessýsla	15.918	2.754	1.342	321	7%
Borgarfjarðarsvæði	3.192	1.061	509	158	-2%
Dalir	514	328	128	78	-3%
Eyjafjörður	5.208	1.521	332	129	10%
Fjarðabyggð	3.990	240	307	19	0%
Grindavíkurbær	2.713	75	169	0	-3%
Hérað og N-Múlasýsla	4.600	1.027	425	101	1%
Höfuðborgarsvæðið	188.906	3.926	1.902	42	0%
N-Vestfirðir	3.915	245	584	46	2%
Rangárvallasýsla	3.228	1.556	346	151	-5%
Reykjanesbær	16.426	262	608	11	0%
Skaftafellssýslur	3.227	1.095	483	134	-6%
Skagafjarðarsýsla	3.321	1.041	508	163	1%
Snæfellsnes	3.039	404	415	52	-1%
Strandir og Reykhólar	673	292	142	68	4%
Suðurnesjabær	2.945	89	249	20	5%
Sveitarfélagið Vogar	1.070	106	94	10	1%
S-Vestfirðir	1.100	131	201	30	3%
Vestmannaeyjabær	3.484	52	294	12	3%
V-Húnavatnsýsla	984	511	213	85	-12%
Þingeyjarsýsla	4.112	1.321	291	109	5%
Samtals	295.899	19.330	11.305	1.889	10%

Íbúar í dreifbýli eru hlutfallslega fleiri í könnuninni en í skráum Hagstofunnar og þar munar 10 prósentustigum (Tafla 10). Þetta var breytilegt eftir landsvæðum þó flestir séu þeir í nokkuð góðu jafnvægi að þessu leyti. Frávikin voru mest í Eyjafirði þar sem þeir eru líka hlutfallslega fleiri í könnuninni en í reynd (10%) og í V-Húnavatnssýslu þar sem þeir eru hlutfallslega færri (-12%). Í

þremur landsvæðum mældist nánast fullkomið jafnvægi þar sem engin munur (0%) var á hluta fólks úr dreifbýli samkvæmt tölum Hagstofunnar annars vegar og könnunarinnar hins vegar.

Misræmi sem lýst hefur hér framur kallar oft á vigtun gagna. Hún var þó af nokkrum ástæðum ekki framkvæmd í úrvinnslunni fyrir landsvæði. Mestu munaði um misræmið hvað varðar þátttöku karla og kvenna en afstaða þessara hópa var ekki mjög frábrugðin eins og sjá má á greiningum þar um (Vífill Karlsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir, 2024). Hins vegar munaði meiru á afstöðu sumra hópa og afstöðu allra annarra en þar sem það voru oft það fáir í hverju mengi var óvissan talin það mikil að ekki væri verjanlegt að láta þau fáu svör sem úr þeim hópi komu (ungir, eldri, innflytjendur, dreifbýli) gilda fyrir allan þann hóp á viðkomandi landsvæði.

Tafla 11: Yfirlit yfir vægi fullorðinna íbúa tiltekinna landsvæða á Íslandi 2023

	Hagstofa		Könnunin		Könnunin / Hagstofa
	Allir	Vægi	Allir	Vægi	Munur%
Landsvæði					
A-Húnavatnssýsla	1.413	0,5%	299	2,7%	2,2%
Akranes og Hvalfjörður	6.599	2,2%	796	7,1%	4,8%
Akureyri	15.322	5,2%	663	5,9%	0,7%
Árnessýsla	15.918	5,4%	1.339	11,9%	6,5%
Borgarfjarðarsvæði	3.192	1,1%	505	4,5%	3,4%
Dalir	514	0,2%	125	1,1%	0,9%
Eyjafjörður	5.208	1,8%	334	3,0%	1,2%
Fjarðabyggð	3.990	1,3%	307	2,7%	1,4%
Grindavíkurbær	2.713	0,9%	168	1,5%	0,6%
Hérað og N-Múlasýsla	4.600	1,6%	421	3,7%	2,2%
Höfuðborgarsvæðið	188.906	63,8%	1.896	16,8%	-47,0%
N-Vestfirðir	3.915	1,3%	579	5,1%	3,8%
Rangárvallasýsla	3.228	1,1%	341	3,0%	1,9%
Reykjanesbær	16.426	5,6%	603	5,4%	-0,2%
Skaftafellssýslur	3.227	1,1%	479	4,3%	3,2%
Skagafjarðarsýsla	3.321	1,1%	509	4,5%	3,4%
Snæfellsnes	3.039	1,0%	412	3,7%	2,6%
Strandir og Reykhólar	673	0,2%	142	1,3%	1,0%
Suðurnesjabær	2.945	1,0%	249	2,2%	1,2%
Sveitarfélagið Vogar	1.070	0,4%	93	0,8%	0,5%
S-Vestfirðir	1.100	0,4%	201	1,8%	1,4%
Vestmannaeyjabær	3.484	1,2%	293	2,6%	1,4%
V-Húnavatnsýsla	984	0,3%	214	1,9%	1,6%
Þingeyjarsýsla	4.112	1,4%	291	2,6%	1,2%
Samtals	295.899	100,0%	11.259	100,0%	0,0%

Hins vegar er mælt með að vigtað sé a.m.k. fyrir fjölda íbúa ef menn ætla sér að vinna með meðaltöl landsins alls eða landshlutana sjö: Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Það sést m.a. á vægi þátttakenda í könnuninni á landinu öllu og hvernig hún í rauninni er samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (Tafla 11). Höfuðborgarsvæðið var unnið sem eitt svæði í könnuninni og því óþarfi að óttast mikið misræmi þar.

3 AÐFERÐIR

3.1 BREYTINGAR Á MILLI KANNANA

3.1.1 BREYTINGAR Á MILLI ÁRANNA 2016 OG 2020

Spurning 2 um kyn breyttist úr því að vera bara karl og kona yfir í karl, kona, annað og vil ekki svara.

Spurning um fjölda barna breyttist úr því að spurt var um fjölda barna á heimili þátttakenda yfir í það að spurt var hvort það væri barn/börn á heimilinu (óháð fjölda). Árið 2016 var fjöldi barna líka brotinn upp eftir því hversu mörg börn væru á leikskólaaldri, grunnskólaaldri og framhaldsskólaaldri.

Spurningin um innflytjendur fór úr því að vera spurning um fæðingarland þátttakenda yfir í ríkisborgararétt. Í úrvinnslu kannana beggja ára var þátttakendum sem svöruðu á pólsku eða ensku bætt við þá sem sögðust hafa fæðst á Íslandi eða vera með íslenskan ríkisborgararétt og kallaðir innflytjendur.

Í spurningunum tveimur þar sem spurt er um 40 þætti á tvo vegu dattu eftirfarandi þættir út og fimm nýir komu inn eins og sjá má í meðfylgjandi yfirliti (Tafla 12):

Tafla 12: Þættir sem skipt var út og öðrum inn 2020 í tveimur spurningum um stöðu og mikilvægi

Dattu út	Komu nýir inn
Þjónusta við barnafólk	Sorpmál
Bókasöfn	Umhverfismál almennt
Félagsheimili	Rafmagn
Gæði framhaldsskóla	Loftgæði (engin loft- eða svífryksmengun, útblástur o.þ.h.)
Þjónusta við atvinnulausa	Ásýnd bæja og sveita ásamt almennri umgengni

Eftirfarandi spurning var felld út: „Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá Vesturlandi (eða viðeigandi landshluta) á næstu tveimur árum?“

Eftirfarandi opin spurning kom ný inn og var bætt aftan við spurningu um hvort fólk teldi líklegt að það flytti frá sveitarfélaginu á næstu tveimur árum: „Ertu til í að greina frá helstu ástæðum þess hvers vegna þú telur líklegt að þú flytjir búferlum á næstu tveimur árum?“

Upptalning atvinnugreina við viðkomandi spurningu var stytta, einfölduð og löguð betur að aðstæðum á landsbyggðinni.

Upptalning 2016:

- Landbúnaður og skógrækt
- Fiskveiðar
- Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu
- Fiskvinnsla

- Önnur framleiðsla
- Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengunar
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
- Heild- og smávöruverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
- Flutningar og geymsla
- Rekstur gististaða og veitingarekstur
- Upplýsingar og fjarskipti
- Fjármála og váttryggingastarfsemi
- Fasteignaviðskipti
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta
- Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar
- Fræðslustarfsemi
- Heilbrigðis og félagsþjónusta
- Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi
- Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi
- Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðsla á ýmis konar vörum á heimilum til eigin nota.

Upptalning 2020 og 2023:

- Landbúnaður og skógrækt
- Fiskeldi
- Sjávarútvegur, fiskveiðar, fiskvinnsla og önnur nýting sjávarfangs
- Iðnaður, t.d. matvælaíðnaður, lyf, fatagerð, leðurvinnsla, efnavörur, málmar, málmvörur, framleiðsla húsgagna, rafvara, trefjavöru, prentað efni.
- Ferðaþjónusta, gisting, veitingar, ferðaskrifstofur, farþegaflutningar, leiðsögn, leiga til ferðamanna, flugvellir og umferðarmiðstöðvar.
- Verslun og þjónusta, t.d. matvöru-, sérvöru-, net-, heild- og umboðsverslanir. Bílaþjónusta, bílaverkstæði, dekk, þrif. Vöruflutningar.
- Menning listir og aðrar skapandi greinar. Meðal skapandi greina eru ýmis listsköpun (sviðslistir, ritstörf, myndlist, tónlist o.fl.), myndvinnsla, ljósmyndun, þýðingar og túlkun, listnám, fjölmiðlun, arkitektúr, hönnun, sýningar, safnastarfsemi, viðburðahald, söguminjar, hljóðvinnsla, tölvuleikjagerð, skartgripagerð, prentun, bókband, hljóðfærasmíði, útgáfustarfsemi, sala eða leiga á menningu og listvörum.
- Veitur, vatnsveitur, orkuveitur, fráveitur og þess háttar
- Hið opinbera, opinber stjórnsýsla, heilbrigðisþjónusta og menntun á vegum ríkis og sveitarfélaga og önnur opinber þjónusta
- Byggingarstarfsemi, mannvirkjagerð, jarðvegsframkvæmdir og námu eða tengd starfsemi, þ.m.t. rafvirkjun, málun, trésmíði, múrverk, pípulagnir, dúklagningar og þess háttar.
- Upplýsingar og fjarskipti, t.d. tölvuvinnsla, gagnaveitur, símafyrirtæki og gagnageymslur og önnur upplýsingatækni
- Eignaumsýsla, fjármála- og váttryggingastarfsemi, fasteignaviðskipti og leigustarfsemi
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Annað, hvað?

Í kjölfarið var útbúin ein breyta úr báðum inni í gagnagrunninum sem kölluð var „atvinnugrein, samræmd“. Sú breyta kallast bara atvinnugrein á gagnis.is og á Teams fyrir öll atvinnuþróunarfélög og var samræmd með eftirfarandi hætti:

Tafla 13: Samræmd flokkun atvinnugreina 2016 - 2023

Samræmdur flokkur	Atvinnugreinar árin 2016, 2017, 2020 og 2023	2016 2017	2020 2023	
Annað	Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðsla á ýmis konar vörum á heimilum til eigin nota	x		
	Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	x		
Byggingarstarfsemi	Byggingarstarfsemi		x	
	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	x		
Landbúnaður	Landbúnaður		x	
	Landbúnaður og skógrækt	x		
Sjávarútvegur	Fiskeldi		x	
	Fiskveiðar	x		
	Fiskvinnsla	x		
	Sjávarútvegur		x	
Upplýsingar og fjarskipti	Upplýsingar og fjarskipti	x		
	Upplýsingar og fjarskipti		x	
Veitur	Rafmagns-, gas- og hitaveitur	x		
	Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengunar	x		
	Veitur		x	
Þjónusta	Annað		x	
	Eignaumsýsla		x	
	Fasteignaviðskipti	x		
	Ferðaþjónusta		x	
	Fjármála og váttryggingastarfsemi	x		
	Flutningar og geymsla	x		
	Fræðslustarfsemi	x		
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	x		
	Heild- og smávöruverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum	x		
	Hið opinbera		x	
	Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	x		
	Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	x		
	Opinber stjórnslá og varnarmál; almannatryggingar	x		
	Rekstur gististaða og veitingarekstur	x		
	Sérfræði		x	
	Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	x		
	Skapandi greinar		x	
	Verslun		x	
	Önnur framleiðsla	Iðnaður		x
		Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	x	
Önnur framleiðsla		x		

Eftirfarandi spurning kom fyrst inn árið 2020: „Í hvaða sveitarfélagi starfar þú / er starfsstöð þín? Merktu við það sveitarfélag sem þú starfar mest í ef þú starfar í mörgum sveitarfélögum.“

Lítilsháttar breyting var á eftirfarandi spurningu frá 2016: „Hefur þú nýtt þér þjónustu Atvinnuráðgjafar Vesturlands (eða viðkomandi landshluta) í formi rekstrarráðgjafar eða annarrar ráðgjafar sl. tvö ár?“ Hún varð svona árið 2020: „Hefur þú nýtt þér ráðgjafarþjónustu á vegum landshlutasamtaka í formi ráðgjafar, styrkumsóknar og þess háttar sl. tvö ár? Landshlutasamtökin eru Heklan á Suðurnesjum, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Vestfjarðarstofa, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) eða forverar þeirra (Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Eyþing og

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga), Austurbrú á Austurlandi og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).“

3.1.2 BREYTINGAR Á MILLI ÁRANNA 2020 OG 2023

Nokkrar breytingar voru gerðar á könnuninni frá því er hún var framkvæmd árið 2020. Þeir sem sögðust ekki vera með íslenskan ríkisborgararétt fengu spurninguna: „Hvernig myndir þú meta eigin íslenskukunnáttu á skalanum frá 0 til 10. 0 get ekkert tjáð mig á íslensku 10 ef þú getur tjáð þig (talað og skrifað) jafn vel á íslensku og eigin móðurmáli“.

Í spurningu 13 breyttist „Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda“ í „Aðstoð við atvinnulausa og fólk í fjárhagsvanda“.

Spurning 19 um atvinnugreinar var skilgreind betur auk þess sem valkostinum „Verslun og þjónusta“ var bætt við.

Spurning 22 var ný en þar var spurt: „Að hvað miklu leyti hefur þú val um að sinna starfi þínu hvar sem er og að kalla meg þitt starf óstaðbundið (starf án staðsetningar).“ Þátttakendur gátu valið á milli:

- 1) Ekkert val, er bundin(n) ákveðinni eða ákveðnum staðsetningum
- 2) 1 sinni í viku
- 3) 2svar í viku
- 4) 3svar í viku
- 5) 4 sinnum í viku
- 6) 5 sinnum í viku
- 7) Annað, hvað?

Spurningu 31 var breytt á milli kannana. Hún fór úr því að vera „Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorft þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?“ í það að vera „Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorft þitt til **þjónustu** sveitarfélagsins sem þú býrð?“.

Spurning 33 var ný og hljóðaði svona: „Hversu vel finnst þér sveitarfélagið leita eftir sjónarmiðum eða skoðunum íbúanna?“

Spurning 34 var ný og hljóðaði svona: „Hvað finnst þér um fjölda ferðamanna í þinni heimabyggð? Finnst þér að fjöldi ferðamanna í þinni heimabyggð sé of lítil, of mikill eða hæfilega mikill?“

Til að rýma fyrir nýjum spurningum var ákveðið að taka út eftirfarandi spurningarnar frá könnuninni 2020:

- Hefur þú sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun, t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra, formlegs náms o.s.frv. á sl. tveimur árum?
- Ert þú í vanskilum?

Til að rýma fyrir einum þætti í viðbót voru „Þjónusta við atvinnulausa“ og „Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda“ sameinaðar í „Aðstoð við atvinnulausa og fólk í fjárhagsvanda.“

3.2 AÐFERÐIR Í ÚRVINNSLU INNAN HVERS LANDS

3.2.1 INNRI STÖÐU- OG MIKILVÆGISGREINING


Innri stöðu- og mikilvægisgreining gengur út á að skoða landsvæðið inn á við. Hún var tvískipt árið 2020 en þrískipt 2023:

1. Staða og mikilvægi búsetuskilyrðanna eru þá sett fram eins og þau komu fyrir úr svörum viðkomandi könnunar. Þar er hægt að sjá hvernig búsetuskilyrðin komu út m.t.t. stöðu og mikilvægis gagnvart hvert öðru innan tiltekins landsvæðisins.
2. Breytingar á stöðu og mikilvægi tiltekinnna landsvæða á milli kannana.
3. Samanburður á stöðu og mikilvægi tiltekinnna landsvæða og höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstöður könnunarinnar hafa nú verið settar fram í öðru skjali sem finna má með því að smella hér ([SMELLIÐ HÉR](#)) þar sem innri stöðu- og mikilvægisgreiningin er á bls. 48-125. Svo hafa sérstakar greiningar verið gerðar fyrir stöku landshluta eða sveitarfélög ef slíkar óskir hafa borist. Framsetning greininganna hefur yfirleitt verið eins og fjallað verður um í þessum kafla.

3.2.1.1 Staða og mikilvægi búsetuskilyrðanna

Hér verður greint frá fyrri hluta innri stöðu- og mikilvægisgreiningarinnar. Niðurstöður er snerta búsetuskilyrði (Tafla 14 er listi yfir þau) voru settar fram myndrænt (Mynd 2) þannig að á lóðréttu ásnum er staða búsetuskilyrða en mikilvægi þeirra fyrir áframhaldandi búsetu þátttakenda á láréttu ásnum³. Til þess að framsetning yrði skýrari var ákveðið að stækka upp þann hluta af myndinni þar sem búsetuþættirnir lentu (þysja inn) annars hefðu þeir lent í ógreinilegri kós.




Mynd 2: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranessvæði 2023

³ Reiknuð voru út meðaltöl svara fyrir stöðu og mikilvægi hvers búsetuskilyrðis og niðurstöðurnar settar inn í punktarit. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1–5. Þeim mun hærrí sem hún er, þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

Niðurstöður könnunarinnar er varðar búsetuskilyrði byggir á tveimur lokuðum spurningum þar sem fyrst var spurt: „Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi?“ Síðan voru tilgreindir 40 mismunandi þættir (Tafla 14) og þátttakendur beðnir um að velja á milli *mjög gott, frekar gott, hvorki/né, frekar slæmt, mjög slæmt* eða *vil ekki svara*. Næst var spurt: „Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu?“ Þá gátu þátttakendur valið á milli *mjög miklu, frekar miklu, hvorki/né, frekar litlu, mjög litlu* eða *vil ekki svara*. Á grundvelli þessara svara voru reiknaðar út tvær meðaleinkunnir sem gátu verið á bilinu 1 til 5, ein fyrir stöðu og önnur fyrir mikilvægi þeirra þátta sem við köllum búsetuskilyrði hér. Meðaleinkunnirnar tvær, fyrir hvern þátt, voru síðan efniviðurinn í þá greiningarmynd sem dregin er upp fyrir viðkomandi landsvæði sérstaklega⁴. Í rauninni má stilla upp mynd fyrir hvaða landsvæði sem er. Hér er dæmi um þessa mynd fyrir Akranessvæði 2023 (Mynd 2).

Þar sem hærri einkunn stóð fyrir góða stöðu og mikið mikilvægi var best fyrir viðkomandi landsvæði að hafa sem flesta þætti hægra megin efst í myndinni – þeim mun nær horninu efst til hægri, því betra (Mynd 3). Verst var fyrir viðkomandi landsvæði ef margir þættir lentu hægra megin neðst í myndinni - því nær horninu neðst til hægri, því verra. Á grundvelli myndarinnar mátti því greina veikleika og styrkleika viðkomandi landsvæðis.



Mynd 3: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – skýringarmynd

Hægt er að reikna forgangskennitölu á grundvelli niðurstaðnanna. Það var ekki gert að þessu sinni. Hún er reiknuð þannig að fundin er einföld samtala af stöðu- og mikilvægiseinkunninni. Fyrst er stöðueinkunnin dregin frá tölunni 6. Með þessu fæst því há tala ef staðan „slæm“. Ef staðan er „best“ gefur það einkunnina 5 sem verður 1 ef hún er dregin frá 6. Ef staðan er „verst“ er einkunnin 1 en breyttist í 5 ef hún er dregin frá 6 í þessum útreikningi. Þannig getur forgangseinkunnin orðið lægst 2 en hæst 10 og þar með mikilvægast að ráðast í aðgerðir á búsetuskilyrðum með sem hæsta einkunn þar sem staðan er „verst“ og mikilvægi „mest“ og því hægt að kalla hana forgangskennitölu.

3.2.1.2 Breyting stöðu og mikilvægis búsetuskilyrða á milli kannana

Hér verður greint frá öðrum hluta innri stöðu- og mikilvægisgreiningarinnar og er það samanburður á búsetuskilyrðum tiltekins landsvæða á milli kannana. Samanburður á milli kannana er unninn þannig að fundin er breyting (frávik) þessara einkunna á milli ára og myndræn


⁴ Landsvæði hvers landshluta voru ýmist 1,2, 3, 4 eða 5. Algengast var að landshluti væri brotinn upp í fernt.

framsetning er svipuð. Frávik, F , er fundið með því að draga meðaleinkunn fyrri könnunar, \bar{E}_i , frá meðaleinkunn núverandi könnunar, \bar{E}_t .

$$F = \bar{E}_t - \bar{E}_i.$$

Ef þetta frávik er jákvæð tala þá hefur staða batnað og/eða mikilvægi aukist á milli kannana en versnað eða dregið úr þeim ef talan er neikvæð.

Niðurstöðunum er stillt upp í punktariti (Mynd 4) þar sem breytingin á stöðu og mikilvægi þáttanna er að finna á ásunum. Á myndinni er að finna breytingu á Akranessvæði á milli árunna 2020 og 2023. Núllpunktur er þar sem ásarnir skerast. Hægra megin við stöðuásinn hefur því mikilvægi þáttanna aukist á milli kannana en dregið úr því til vinstri. Að sama skapi hefur staða þáttanna batnað á milli kannana ef þeir eru fyrir ofan ás mikilvægis (lárétta ásin) en versnað ef þeir eru fyrir neðan.



Mynd 4: Samanburður á milli kannana á Akranessvæði


Bestu þróunina er því að finna í myndinni hægra megin efst vegna þess að þar hefur mikilvægi þáttanna aukist á milli kannana og staðan batnað. Verstu þróunina er hins vegar að finna í myndinni hægra megin neðst þar sem mikilvægi þáttanna hefur aukist og staðan versnað.

3.2.1.3 Samanburður landsvæðis og höfuðborgarsvæðisins

Sömu aðferð og lýst var í fyrri kaflanum um samanburð á milli kannanna var beitt til að bera saman öll landsvæði við höfuðborgarsvæðið og reiknað út á sambærilegan hátt og túlkun svipuð. Að þessu sinni er meðaltal fundið fyrir stöðu og mikilvægi viðkomandi svæðis og dregið frá meðaltali

stöðu og mikilvægis höfuðborgarsvæðisins. Út úr þessu fæst eitt talnapar sem myndar einn punkt í myndinni. Þar sem búsetuskilyrðin eru 40 talsins fást jafn mörg talnapor sem eru grunnurinn að hverri mynd af þessari gerð fyrir 24 ólíka landsvæði. Höfuðborgarsvæðið var síðan borið saman við landsbyggðina á sama hátt og öll landsvæði landsbyggðarinnar voru borin saman við höfuðborgarsvæðið.

Takið fyrst eftir því að höfundur valdi mismunandi lögum punktanna eftir því hverskonar samanburður var í gangi. Ferningar voru notaðir í samanburði við höfuðborgarsvæðið, þríhyrningar í myndunum sýna breytingu á milli kannana en hringir sýna stöðumynd viðkomandi svæðis.



Mynd 5: Samanburður Akranessvæðis og höfuðborgarsvæðis 2023

Á myndinni eru síðan fjórir reitir (Mynd 5). Á myndinni er sýndur samanburður Akranessvæðis og höfuðborgarsvæðisins. Myndina ber að túlka þannig að þeir ferningar sem lenda fyrir ofan lárétta ásinn eru betri á Akranessvæði en á höfuðborgarsvæðinu. Af þessu má ráða, sem dæmi, að íbúar Akranessvæðis eru ánægðari með umferðina en íbúar höfuðborgarsvæðisins og það sama má segja um alla punkta sem lentu fyrir ofan láréttu línuna þó svo að munurinn sé ekki marktækur í mörgum þeirra tilvika sem lentu næst henni. Að sama skapi voru íbúar Akranessvæðis óánægðari en íbúar höfuðborgarsvæðisins með alla þá þætti sem lentu fyrir neðan láréttu línuna, t.d. afþreyingu. Þá töldu íbúar Akranessvæðis alla þá þætti sem lentu hægra megin við lóðréttu línuna mikilvægari fyrir áframhaldandi búsetu þeirra á svæðinu en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Sorpmál voru því eini þátturinn sem íbúar Akranessvæðis töldu ekki eins mikilvægan fyrir áframhaldandi búsetu sína og íbúar höfuðborgarsvæðisins. Athygli vekur að allir aðrir þættir eru

mikilvægari íbúum Akranessvæðis en höfuðborgarsvæðisins þar sem þeir lenda hægra megin við lóðréttu línuna.

Taka má túlkunina áfram og segja að þeir þættir sem lentu í þeim fjórðungi myndarinnar sem er uppi til hægri (t.d. Dvalarheimili) séu betri en á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægari fyrir íbúa á Akranessvæði en á höfuðborgarsvæðinu. Ásarnir tveir bjóða upp á slíka túlkun. Á vissan hátt má því segja að þeir þættir séu samkeppnisforskot Akranessvæðis gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Samkeppnisforskot höfuðborgarsvæðisins gagnvart Akranessvæði eru því þeir þættir sem lentu í reitnum hægra megin við lóðréttu ásinn og fyrir neðan lárétta ásinn (t.d. Atvinnuúrval). Segja má að þeir punktar sem lenda í hornunum fjærst skurðpunkti ásanna séu „sterkustu“ þættir hvers fjórðungs því þeir hafa heppilegustu blönduna í því að vera betri og mikilvægari íbúum á viðkomandi svæði. Í fjórðungnum fyrir ofan og til hægri er „dvalarheimili“ því með heppilegustu blöndu af mikilvægi og stöðu fyrir Akranessvæði gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Að sama skapi var „atvinnuúrval“ óheppilegasta blandan af því að vera mikilvægasti þátturinn og mikið verri á Akranessvæði gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

Ýmis landsvæði komu til greina í samanburði þessum en höfuðborgarsvæðið varð fyrir valinu af þremur ástæðum. Fyrst skal nefna það að íbúar landsbyggðar bera sig gjarnan saman við höfuðborgarsvæðið þegar skoðaðir eru styrkleikar og veikleikar og er það skiljanlegt þar sem höfuðborgarsvæðið hefur búið við langvarandi fjölgun íbúa líkt og gildir um höfuðborgarsvæði víða í veröldinni. Önnur ástæða er sú að um margra áratuga skeið hefur höfuðborgarsvæðið dregið flesta til sín af landsbyggðinni og því verið álitid helsti keppinautur um íbúana hérlandis. Það mynstur hefur þó breyst lítillega í seinni tíð. Þriðja ástæðan er sú að það var einfaldara í framkvæmd en að beina samanburðinum að öllum öðrum landsvæðum sem til skoðunar voru í könnuninni.

3.3 AÐFERÐIR Í SAMANBURÐI Á MILLI ALLRA LANDSVÆÐA

Í þessari skýrslu er auk framangreinds ætlunin að bera saman alla 24 landsvæði með ítarlegri hætti og koma þá nokkrar aðrar aðferðir til greina sem þó eru byggðar á sama grunni. Útskýringar og lýsingar á þeim fara nú hér á eftir þó svo að aðeins einni þeirra hafi verið beitt að þessu sinni. Við köllum þær:


1. Ytri stöðu- og lýðfræðigreining
2. Ytri stöðu- og mikilvægisgreining
3. Ytri stöðu- og temagreining

Eingöngu fyrstu aðferðinni var beitt í úrvinnslu könnunarinnar að þessu sinni og sældarlífseinkunn reiknuð sem er hluti af aðferð 2.

3.3.1 YTRI STÖÐU- OG LÝÐFRÆÐIGREINING

Ytri stöðu- og lýðfræðigreining nýtir sér súlurit. Síðan er þeim raðað eftir stærð þannig að stærsta súlan, eða besta útkoman, er lengst til vinstri og versta lengst til hægri. Síðan er afstaða fáeinna hópa dregin sérstaklega út. Það eru svör kvenna (einkennd með rauðum punkti), ungs fólks (einkennd með ljósbláum tígli) og þeirra sem búa í dreifbýli (einkennd með svörtu þverstriki). Öll gildin eru meðaltöl svaranna. Þessi framsetning gefur færi á að sjá hvort og hvernig afstaða kvenna, ungs fólks og þeirra sem búa í dreifbýli sé ólík afstöðu allra íbúa að jafnaði.

Konur og ungt fólk er skoðað sérstaklega hér vegna þess að komið hefur fram í öðrum rannsóknum, (t.d. Vífill Karlsson, 2015), að þessir hópar virðast viljugri til að flytja en jafnframt geti brottflutningur þeirra dregið all nokkurn dilk á eftir sér er frá líður. Þá er sveitin einnig dregin þarna fram þar sem hún hefur átt undir högg að sækja víða um land um langt árabíl (Vífill Karlsson, 2015). Þó var öllum meðaltölum sleppt ef á bak við þau voru færri svör en 8 – sem gat verið í tilfelli fólks í dreifbýli Vestmannaeyja, Grindavíkurbæjar og fleiri sambærilegra samfélaga (Tafla 3).



Mynd 6: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10

Annars skal líka varað við því að gera of mikið úr niðurstöðunum fyrir ungt fólk innan stöku landsvæða þar sem þátttaka þeirra var of lítil. Þó var haldið í þessa framsetningu til þess að sjá hvort lesa mætti landsvæðin saman og þannig hvort greina mætti einhverja ríkjandi tilhneingingu fyrir þann hóp.


3.3.2 YTRI STÖÐU- OG MIKILVÆGISGREINING

Ytri stöðu- og mikilvægisgreining er tvíþætt:

1. Landfræðileg frávikagreining. Þá er myndrænn stöðu- og mikilvægisamanburður gerður á einu búsetuskilyrði hverju sinni og skoðaður á milli allra landsvæða samtímis.
2. Sældarlífseinkunn. Þá eru einkunnir fyrir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna settar saman í einn pott, unnin frávik frá öðrum landsvæðum og fundin einkunn til þess að sjá hvar landsvæðin standa gagnvart hvert öðru þegar horft er bæði til stöðu og mikilvægis búsetuskilyrðanna samtímis.

3.3.2.1 Landfræðileg frávikagreining


Í ytri stöðu- og mikilvægisgreiningu er reynt að bera saman stöðu búsetuskilyrða og mikilvægi fyrir áframhaldandi búsetu í einni mynd en jafnframt í samanburði við önnur landsvæði sem tóku þátt í könnuninni. Aðeins einn þáttur (af 40) er skoðaður í hverri mynd. Meðaltal allra þátttakenda er að finna í skurðpunkti ásanna, sem er þá um 3 fyrir stöðuna og rúmir 4,1 í mikilvægi í myndinni hér (Mynd 7). Hér er meðaleinkunn á bilinu 1-5. Myndin sýnir meðaleinkunn viðkomandi þáttar hjá öllum landsvæðum könnunarinnar.



Mynd 7: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – dæmi

Myndin skiptist í fjóra fjórðunga. Verst er að lenda í þeim sem er niðri til hægri þar sem við sjáum m.a. A-Hún og Strandir og Reykhóla. Þar er staða þáttarins verri og mikilvægari en að jafnaði á öðrum landsvæðum. Staðan er þeim mun verri því nær sem punkturinn er horninu neðst til hægri. Engan er að finna þar. Staðan er best ef punkturinn lendir í reitnum hægra megin uppi þar sem staðan er betri og mikilvægari en að jafnaði annars staðar. Næst best er að lenda í reitnum uppi til vinstri og þar á eftir niðri til vinstri.

Til þess að gera þetta enn greinilegra hafa litaðir kassar verið lagðir yfir fjórðungana á Mynd 7 og má sjá það á Mynd 8. Þar sést að það er verst að lenda í rauða kassanum, næstverst í þeim gula, næstbest í þeim græna og best í þeim bláa.



Mynd 8: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – dæmi með lituðum fjórðungum

Þessari greiningu hefur ekki verið beitt síðan í könnuninni 2016/2017.

3.3.2.2 Sældarlífseinkunn

Gerð var tilraun til að reikna út sældarlífseinkunn til þess að finna landsvæðin með bestu og verstu búsetuskilyrðin að mati heimamanna. Það var gert með því að nýta landfræðilegu frávíksgreininguna á stöðu og mikilvægi búsetuþáttanna í einni tölu. Ef staða búsetuþáttarins var fyrir ofan meðaltal alls hópsins (blái og græni kassinn) var gefin hærri einkunn eftir því sem staðan var hærri og mikilvægið meira eða sem næst hornunum hægra megin efst (B og A). Ef staða þáttanna var lakari en meðaltal alls hópsins (guli og rauði kassinn) var gefin einkunn eftir því sem staðan var betri og mikilvægi minna eða í horninu efst vinstra megin (C og D). Útreikningarnir voru ekki flóknir. Fyrir gildin í bláu og grænu kössunum var notuð eftirfarandi aðferð:

$$B = s_i + m_i; s_i - \bar{s} \geq 0 \quad (j.1),$$

eða í rauninni samtala stöðu- og mikilvægiseinkunnar og gat því mest náð 10 en minnst 2. Fyrir gildin í rauða og appelsínugula kassanum var þetta einkunnin á stöðunni að viðbættum sviganum 6 mínus einkunnin fyrir mikilvægið:


$$B = s_i + (6 - m_i); s_i - \bar{s} < 0 \quad (j.2).$$

Þannig dró einkunn mikilvægis úr einkunn búsetuskilyrðanna, gat þó aldrei orðið lægri en 1 en aldrei hærri en 5. Einkunnin hér gat því orðið mest 10 en lægst 1.

Síðan var ákveðið að gefa 30% bónus á útreiknaða einkunn í hvert skipti sem hún fór á milli lita (sbr. svæðin fjögur í Mynd 3) til að umbuna sérstaklega fyrir það hvernig viðkomandi landsvæði stóð í samanburði við önnur landsvæði að mikilvægi og stöðu. Þannig var útreikningur samkvæmt (j.1) hækkaður um 30% ef einkunn var gul, grænar fengu 60% ofan á J.2 og bláar 90% á J.2.

3.3.3 YTRI STÖÐU- OG TEMAGREINING

Ytri stöðu- og temagreiningu var ekki beitt í Íbúkönnun landshlutanna 2020 heldur aðeins 2016/2017 og þá eingöngu kölluð temagreining. Hér verður sagt frá henni til að halda utan um þá möguleika sem eru fyrir hendi við úrvinnslu gagnanna.



Mynd 9: Heimilin á Borgarfjarðarsvæði 2016

Ytri stöðu og temagreining byggir á líkani sem hefur verið kennt við radar eða köngulóarvef (Mynd 9). Það virkar þannig að þeir 40 þættir sem kalla má búsetuskilyrði og spurt var um í könnuninum mátti setja saman í fimm flokka. Þeir voru kallaðir heimilin, innviðir, ríkið, samfélag og sveitarfélag og byggir eftirfarandi upptalning á þeim þáttum sem voru í könnuninni 2016/2017:

- *Heimili:* Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuvef og vöruverð.
- *Innviðir:* Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.
- *Ríkið:* Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsíma-samband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.
- *Samfélagið:* Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingsstarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

- *Sveitarfélagið*: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.
- Meiri lýsingu á þessum 40 þáttum sem kallaðir eru búsetuskilyrði og hvernig um þá var spurt má finna í upphafi kafla 3.2 og orðastyttingar þeirra og merkingar í myndum í kafla 4.1. Hver þáttur fékk einkunn hér. Einkunnin gat hlaupið á 1 (staðan mjög slæm) til 5 (staðan mjög góð) og er það skalinn á radarlíkaninu. Fyrst var meðaltal allra svara fundið og sett fram með rauðri línu. Síðan var meðaltal viðkomandi landsvæðis reiknað og sett fram með blárrí línu. Átta búsetuskilyrði voru undir hverjum flokki. Þess vegna voru átta horn á radarlíkaninu hér. Búsetuskilyrði voru verri í viðkomandi sveitarfélagi en almennt meðal hinna 19 landsvæða ef horn bláa áthyrningsins var fyrir innan rauða hornið (Mynd 9). Fjárhagsvandi, atvinnuöryggi og atvinnuúrval eru dæmi um þetta í flokknum *Heimilin á Borgarfjarðarsvæði* sem dæmi er tekið um hér til útskýringar. Búsetuskilyrði voru talin betri í viðkomandi sveitarfélagi en almennt meðal landsvæðanna 19 ef horn bláa áthyrningsins var fyrir utan rauða hornið. Vöruúrval og vöruverð eru dæmi um þetta í flokknum *Heimilin á Borgarfjarðarsvæði*. Þetta líkan gefur því nokkuð góða og skjóta yfirsýn yfir hvernig staðan er í viðkomandi flokkum á tilteknu landsvæði í samanburði við þau 19 landsvæði sem tóku þátt í könnuninni.

Eftirfarandi flokkun átti að gilda fyrir búsetuskilyrðin árið 2020 ef temagreiningu hefði verið beitt:

- *Heimili*: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuvall og vöruverð.
- *Innviðir*: Rafmagn, nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi.
- *Ríkið*: Umhverfismál almennt, loftgæði, almenningsamgöngur, dvalarheimili aldraðra, far-símasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.
- *Samfélagið*: Almennt öryggi, tækifæri til afþreyingar, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglíngastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.
- *Sveitarfélagið*: Ásýnd bæja og sveita ásamt almennt umgengni, sorpmál, þjónusta við fatlaða, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar, gæði leikskóla, þjónusta við aldraða, skipulagsmál og tónlistarskóli.

Þá höfðu verið felldir út fimm þættir á móti fimm nýjum (Tafla 12) til þess að könnunin lengdist ekki eins og áður sagði. Þetta voru þættirnir gæði framhaldsskóla og þjónusta við atvinnulausa sem flokkaðir voru undir ríkið, félagsheimili og bókasöfn sem flokkuð voru undir sveitarfélagið og þjónusta við barnafólk sem flokkað var undir samfélagið.

Til þess að kapallinn gengi endanlega upp undir temagreiningunni var þátturinn öryggi fluttur úr innviðum yfir í samfélag. Þá var þjónusta við aldraða flutt úr samfélagi í sveitarfélag.

Að síðustu var ákveðið að sameina þættina atvinnulausir og fólk í fjárhagsvanda og heitir þátturinn nú „Aðstoð við atvinnulausa og fólk í fjárhagsvanda“. Það flokkast síðan undir heimilin.

4 VIÐAUKI

4.1 MERKINGAR BÚSETUÞÁTTA EÐA BÚSETUSKILYRÐA, SKILGREININGAR OG FLOKKUN

Tafla 14: Merkingar á þáttum sem kallaðir eru búsetuskilyrði í þessari greiningarvinnu.

Merking í myndum	Merking í könnuninni	Þáttarflokkun
Afþreying	Tækifæri til afþreyingar	Samfélagið
Aldraðir	Þjónusta við aldraða	Samfélagið
Almsamg	Almenningssamgöngur	Ríkið
Atvinnurekstur	Möguleiki á eigin atvinnurekstri	Heimilin
Atvinnuúrval	Fjölbreytni atvinnulífs	Heimilin
Atvinnuöryggi	Atvinnuöryggi	Heimilin
Ásýnd	Ásýnd bæja og sveita ásamt almennri umgengni	Samfélagið
Dvalarheimili	Dvalarheimili aldraðra	Ríkið
Farsími	Farsímasamband	Ríkið
Fatlaðir	Þjónusta við fatlaða	Sveitarfélagið
Fjárhagsvandi	Aðstoð við atvinnulausa og fólk í fjárhagsvanda	Heimilin
Framfærsla	Framfærslukostnaður	Heimilin
Framhsk	Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi	Ríkið
Friðsæld	Friðsæld	Samfélagið
Grunnskóli	Gæði grunnskóla	Sveitarfélagið
Háskóli	Námsmöguleikar á háskólastigi	Ríkið
Heilsugæsla	Gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana	Ríkið
Internet	Nettengingar	Innviðir
Íbúðir	Framboð á íbúðarhúsnæði til kaups	Innviðir
Íþróttir	Tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar	Sveitarfélagið
Launatekjur	Launatekjur	Heimilin
Leiguíbúðir	Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu	Innviðir
Leikskóli	Gæði leikskóla	Sveitarfélagið
Loftgæði	Loftgæði (engin loft- eða svifryksmengun, útblástur o.þ.h.)	Ríkið
Mannlíf	Gott mannlíf	Samfélagið
Menning	Menningarlíf	Samfélagið
Náttúra	Nálægð við fjölbreytta náttúru	Innviðir
Rafmagn	Rafmagn	Innviðir
Skipulagsmál	Skipulagsmál	Sveitarfélagið
Sorpmál	Sorpmál	Sveitarfélagið
Tónlistarskóli	Tónlistarskóli	Sveitarfélagið
Umferð	Greið bílaumferð	Innviðir
Umhverfismál	Umhverfismál almennt	Ríkið
Unglingastarf	Gæði unglingastarfs	Samfélagið
Útlendingar	Þjónusta við fólk af erlendum uppruna	Samfélagið
Vegakerfi	Vegakerfi	Innviðir
Vöruúrval	Vöruúrval/þjónustuúrval	Heimilin
Vöruverð	Vöruverð	Heimilin
Örugg umferð	Umferðaröryggi	Innviðir
Öryggi	Almennt öryggi	Innviðir

4.2 SKILGREINING LANDSVÆÐA

Tafla 15: Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta.

Sveitarfélag	Landsvæði skýrslunnar	Landshluti
Sveitarfélagið Hornafjörður	Skaftafellssýslur	Suðurland
Vestmannaeyjabær	Vestmannaeyjabær	Suðurland
Sveitarfélagið Árborg	Árnessýsla	Suðurland
Mýrdalshreppur	Skaftafellssýslur	Suðurland
Skaftárhreppur	Skaftafellssýslur	Suðurland
Ásahreppur	Rangársýslur	Suðurland
Rangárþing eystra	Rangársýslur	Suðurland
Rangárþing ytra	Rangársýslur	Suðurland
Hrunamannahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Hveragerðisbær	Árnessýsla	Suðurland
Sveitarfélagið Ölfus	Árnessýsla	Suðurland
Grímsnes- og Grafningshreppur	Árnessýsla	Suðurland
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Bláskógabyggð	Árnessýsla	Suðurland
Flóahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Bolungarvík	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Ísafjarðarbær	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Reykholahreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Tálknafjarðarhreppur	Sunnanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Vesturbyggð	Sunnanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Súðavíkurbhreppur	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Árneshreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Kaldrananeshreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Strandabyggð	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Akraneskaupstaður	Akranes og Hvalfjörður	Vesturland
Borgarbyggð	Borgarfjarðarsvæði	Vesturland
Dalabyggð	Dalir	Vesturland
Eyja- og Miklaholtshreppur	Snæfellsnes	Vesturland
Grundarfjarðarbær	Snæfellsnes	Vesturland
Hvalfjarðarsveit	Akranes og Hvalfjörður	Vesturland
Skorradalshreppur	Borgarfjarðarsvæði	Vesturland
Snæfellsbær	Snæfellsnes	Vesturland
Sveitarfélagið Stykkishólmur	Snæfellsnes	Vesturland
Skagafjörður	Skagafjarðarsýsla	Norðurland vestra
Húnaþing vestra	V-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Húnabyggð	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Sveitarfélagið Skagaströnd	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Skagabyggð	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Grindavíkurbær	Grindavíkurbær	Suðurnes
Reykjanesbær	Reykjanesbær	Suðurnes
Suðurnesjabær	Suðurnesjabær	Suðurnes
Sveitarfélagið Vogar	Sveitarfélagið Vogar	Suðurnes
Akureyrarbær	Akureyri	Norðurland eystra
Norðurþing	Þingeyjarsýsla	Norðurland eystra
Fjallabyggð	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Dalvíkurbyggð	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Eyjafjarðarsveit	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Hörgársveit	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Svalbarðsstrandarhreppur	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Grýtubakkahreppur	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Tjörneshreppur	Þingeyjarsýsla	Norðurland eystra
Þingeyjarsveit	Þingeyjarsýsla	Norðurland eystra
Svalbarðshreppur	Þingeyjarsýsla	Norðurland eystra
Langanesbyggð	Þingeyjarsýsla	Norðurland eystra
Fjarðabyggð	Fjarðabyggð	Austurland
Vopnafjarðarhreppur	Hérað og N-Múlasýsla	Austurland

Fljótsdalshreppur	Hérað og N-Múlasýsla	Austurland
Múlaþing	Hérað og N-Múlasýsla	Austurland

4.3 SPURNINGAR KÖNNUNARINNAR

Spurningar könnunarinnar voru 33 og hún var svona orðrétt:

Um könnunina

Survey in English (Press)

Ankieta w języku polskim (patrz tutaj)

Íbúakönnun landshlutanna er á vegum allra landshlutasamtaka á landsbyggðinni, atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar. Hún er ætluð öllum íbúum sem náð hafa 18 ára aldri. Markmiðið er að kanna hver staða íbúanna er á vinnumarkaði, mat þeirra á búsetuskilyrðum, framtíðarvæntingar og almenna líðan – allt til að geta gert gott samfélag enn betra.

Könnunin er valkvæð og þér ber ekki nokkur skylda til að svara könnuninni eða einstökum hluta hennar.

Úrvinnsla könnunarinnar verður með sambærilegum hætti og þegar hún var framkvæmd síðast (sjá hér). Hún fer þannig fram að reiknuð verða meðaltöl og miðgildi svaranna eftir landshlutum og stundum lýðfræðilegum hópum. Stundum er gerð aðhvarfsgreining. Ekki verða birtar upplýsingar sem rekja má til einstaklinga, í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þá getur verið gagnlegt að nota viðbótarupplýsingar annars staðar frá til að fá greinilegri niðurstöður. Aldrei verða birtar aðrar en heildarniðurstöður þeirra hópa sem greinast þar.

Svör og niðurstöður könnunarinnar verða nýtt af öllum landshlutasamtökum, atvinnuþróunarfélögum, Byggðastofnun, ráðuneyti sveitarstjórnarmála og fræðimönnum við innlenda háskóla. Athygli skal vakin á því að jafnvel þó ekki sé verið að safna persónueinkennum (kennitölum eða ip-tölum) þá kann að vera hægt vegna tilviljana, þó litlar líkur séu á, að rekja stöku svar til þátttakanda ef borin eru saman svör tveggja eða fleiri spurninga, t.d. ef aðili er eini verkfræðingurinn í viðkomandi sveitarfélagi. Slíkt verður þó aldrei nýtt á nokkurn hátt eða birt í neinni úrvinnslu á könnuninni.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða fyrirspurnir vegna könnunarinnar eða framkvæmd hennar, þá vinsamlegast hafðu samband við Vífil Karlsson hjá SSV í síma 4332314 eða 6959907.

0. Samþykkir þú að taka þátt í þessari könnun?
1. Kyn
2. Hvaða ár fæddist þú?
3. Hvert eftirfarandi lýsir heimili þínu best?
4. Býrðu í bæ eða sveit?
5. Á hvaða stað (byggðakjarna) býrðu?
6. Í hvaða sveitarfélagi býrðu?

7. Hvað hefur þú búið lengi í sveitarfélaginu samtals (í árum talið)? Veldu þann árafjölda sem kemst næst hinu sanna.
8. Í hvaða landshluta býrðu?
9. Ertu með íslenskan ríkisborgararétt?
10. Hvað hefur þú búið lengi á Íslandi? Veldu þann árafjölda sem kemst næst hinu sanna. Má nálgá/áætla.
11. Hvernig myndir þú meta eigin íslenskukunnáttu á skalanum frá 0 til 10. 0 get ekkert tjáð mig á íslensku 10 ef þú getur tjáð þig (talað og skrifað) jafn vel á íslensku og eigin móðurmáli
12. Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi? Vinsamlegast hakið við þar sem við á.
13. Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa þar sem þú býrð?
14. Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu?*
15. Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum á næstu tveimur árum? Hér er átt við flutninga frá sveitarfélaginu en ekki innan þess.
16. Ertu til í að greina frá helstu ástæðum þess hvers vegna þú telur líklegt að þú flytjir búferlum á næstu tveimur árum? (Opin spurning)
17. Hver er staða þín á vinnumarkaði? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.
18. Innan hvaða atvinnugreinar er þitt aðalstarf? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.
19. Hversu langt er á milli heimilis þíns og vinnustaðar (í kílómetrum talið, u.þ.b.)?
20. Í hvaða sveitarfélagi starfar þú / er starfsstöð þín? Merktu við það sveitarfélag sem þú starfar mest í ef þú starfar í mörgum sveitarfélögum.
21. Að hvað miklu leyti hefur þú val um að sinna starfi þínu hvar sem er og að kalla megi þitt starf óstaðbundið (starf án staðsetningar)?
22. Til hvaða starfsstéttar telst þitt aðalstarf? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.
23. Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfsgrein (ár)? Veldu þann árafjölda sem kemst næst hinu sanna. Má á nálgá/áætla.
24. Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda (ár)? Veldu þann árafjölda sem kemst næst hinu sanna. Má á nálgá/áætla.
25. Hvert er starfshlutfall þitt? Þeir sem eru ekki í fullu starfi áætli starfshlutfall sitt (má vera gróflega áætlað) og gefi það upp í prósentum. T.d. ef aðili er í hálfu starfi velur hann 50% eða 150% ef hann er í einu og hálfu starfi (stöðugildi).
26. Hverjar eru heildartekjur þínar fyrir skatta á mánuði? Átt er við allar launatekjur, lífeyrir, námslán og atvinnuleysisbætur en ekki fjármagns-, leigutekjur eða barnabætur og aðrar bætur.
27. Hver er menntun þín? Merktu við allar prófgráður sem þú hefur lokið.
28. Hefur þú nýtt þér ráðgjafþjónustu á vegum landshlutasamtaka í formi ráðgjafar, styrkumsóknar og þess háttar sl. tvö ár? Landshlutasamtökin eru Heklan á Suðurnesjum, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Vestfjarðarstofa, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) eða forverar þeirra (Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Eyþing og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga), Austurbrú á Austurlandi og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).

29. Hversu hamingjusamur/hamingjusöm ertu í dag á skalanum 1 til 10 þegar þú horfir til allra þátta í lífi þínu (algjörlega óhamingjusamur er 1 og gæti ekki verið meira hamingjusamur er 10)?
30. Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til þjónustu sveitarfélagsins sem þú býrð?
31. Hver eða hverjar eru helstu ástæður fyrir viðhorfi þínu í spurningunni á undan?
32. Hversu vel finnst þér sveitarfélagið leita eftir sjónarmiðum eða skoðunum íbúanna?
33. Hvað finnst þér um fjölda ferðamanna í þinni heimabyggð? Finnst þér að fjöldi ferðamanna í þinni heimabyggð sé of lítill, of mikill eða hæfilega mikill?
34. Er það eitthvað sem þú vilt láta koma fram að lokum?

4.4 STÆRÐ ÚRTAKS MEÐ TILLITI TIL ÞÝÐIS

Tafla 16: Stærð úrtak og þýðis

Stærð þýðis	Minnsta úrtak sem gefur öryggismörk 95% og öryggisbil +/-2-5%	
	+/-5%	+/-2%
Óendanleg	384	2.401
10.000.000	384	2.400
5.000.000	384	2.400
1.000.000	384	2.395
500.000	384	2.390
100.000	383	2.345
50.000	381	2.291
25.000	378	2.191
20.000	377	2.144
10.000	370	1.936
5.000	357	1.622
2.000	322	1.091
1.000	278	706
500	217	414
200	132	185
100	80	96
50	44	49

Heimild: (Veal, 2006).

4.5 FJÖLDI SVARA VIÐ EINSTÖKUM LIÐUM SPURNINGAR 12

Spurningin var svona: Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta?

Tafla 17: Fjöldi svara við spurningum könnunarinnar um stöðu ýmissa þátta

Nr.	Spurning (stytt orðalag, fullt orðalag í viðauka)	2023	2020	2016
1	Atvinnuúrval	9908	8898	5441
2	Atvinnuöryggi	9723	8757	5388
3	Atvinnurekstur	9348	8294	5404
4	Launatekjur	9591	8603	5401
5	Vöruverð	9852	8796	5381
6	Íbúðir	9794	8698	5442
7	Leiguíbúðir	9379	8404	5433
8	Framhaldsskóli	9567	8542	5405
9	Háskóli	9342	8341	5403
10	Framfærsla	9489	8414	5329
11	Vöruúrval	9919	8843	5405
12	Afþreying	9925	8870	5426
13	Vegakerfi	9956	8884	5436
14	Almenningssamgöngur	9587	8568	5428
15	Heilsugæsla	9880	8840	5463
16	Leikskóli	8597	7687	5348
17	Grunnskóli	8850	7842	5356
18	Unglingastarf	8360	7468	5278
19	Íþróttir	9661	8652	5413
20	Farsími	10017	8947	5456
21	Internet	9967	8901	5424
22	Náttúra	10019	8967	5468
23	Friðsæld	10013	8965	5457
24	Umferð	9975	8878	5438
25	Öruggumferð	9974	8895	5420
26	Mannlíf	9941	8886	5456
27	Öryggi	9951	8890	5425
28	Menning	9873	8807	5406
29	Aldraðir	8790	7765	5403
30	Fatlaðir	8070	7197	5319
31	Útlendingar	7818	7122	5282
32	Fjárhagsvandi	7356	6455	5253
33	Skipulagsmál	9262	8094	5324
34	Tónlistarskóli	8744	7756	5349
35	Elлиheimili	8753	7729	5379
36	Rafmagn	9877	8806	-
37	Umhverfismál	9638	8596	-
38	Loftegæði	9891	8785	-
39	Ásýnd	9900	8812	-
40	Sorpmál	9810	8757	-
41	Framhaldsskóli gæði	-	-	5.274
42	Atvinnulausir, þjónusta við þá	-	-	5.265
43	Barnafólk, þjónusta við það	-	-	5.312
44	Bókasöfn	-	-	5.414
45	Félagsheimili	-	-	5.357

4.6 FJÖLDI SVARA VIÐ EINSTÖKUM LIÐUM SPURNINGAR 14

Spurningin var: Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu?

Tafla 18: Fjöldi svara við spurningum könnunarinnar um mikilvægi ýmissa þátta

Nr.	Spurning (stytt orðalag, fullt orðalag í viðauka)	2023	2020	2016
1	Atvinnuúrval	9810	8757	-
2	Atvinnuöryggi	9779	8764	5345
3	Atvinnurekstur	9743	8697	5330
4	Launatekjur	9560	8530	5305
5	Vöruverð	9660	8627	5333
6	Íbúðir	9778	8700	5320
7	Leiguíbúðir	9684	8597	5310
8	Framhaldsskóli	9578	8517	5308
9	Háskóli	9481	8452	5282
10	Framfærsla	9439	8402	5274
11	Vöruúrval	9613	8512	5290
12	Afþreying	9758	8659	5294
13	Vegakerfi	9766	8665	5293
14	Almenningssamgöngur	9814	8694	5301
15	Heilsugæsla	9707	8606	5278
16	Leikskóli	9832	8736	5328
17	Grunnskóli	9311	8318	5246
18	Unglingastarf	9372	8358	5262
19	Íþróttir	9319	8322	5225
20	Farsími	9607	8561	5261
21	Internet	9809	8735	5305
22	Náttúra	9824	8698	5291
23	Friðsæld	9847	8714	5300
24	Umferð	9840	8738	5311
25	Öruggumferð	9816	8689	5285
26	Mannlíf	9817	8704	5276
27	Öryggi	9825	8710	5299
28	Menning	9807	8696	5288
29	Aldraðir	9764	8658	5271
30	Fatlaðir	9621	8541	5301
31	Útlendingar	9347	8298	5244
32	Fjárhagsvandi	9214	8223	5244
33	Skipulagsmál	9339	8285	5249
34	Tónlistarskóli	9644	8501	5256
35	Elliheimili	9398	8385	5252
36	Rafmagn	9542	8456	5283
37	Umhverfismál	9760	8637	-
38	Loftgæði	9738	8588	-
39	Ásýnd	9743	8616	-
40	Sorpmál	9765	8639	-
41	Framhaldsskóli gæði	-	-	5243
42	Atvinnulausir, þjónusta við þá	-	-	5236
43	Barnafólk, þjónusta við það	-	-	5252
44	Bókasöfn	-	-	5275
45	Félagsheimili	-	-	5266

5 HEIMILDASKRÁ

- Gelman, A., & Geurts, H. M. (2017). The statistical crisis in science: how is it relevant to clinical neuropsychology? *The Clinical Neuropsychologist*, 31(6-7), 1000-1014. doi:10.1080/13854046.2016.1277557
- Gelman, A., & Loken, E. (2014). The statistical crisis in science. *American scientist*, 102(6), 460-465. Sótt á: <http://www.stat.columbia.edu/~gelman/research/published/ForkingPaths.pdf>
- Veal, A. J. (2006). *Research methods for leisure and tourism: A practical guide* (Vol. 3). Harlow, UK: Pearson Education.
- Vífill Karlsson. (2015). Börn í sveitum á Vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands*, 15(1), 1-21. Sótt á: http://ssv.is/Files/Skra_0073188.pdf
- Vífill Karlsson. (2015). Interregional Migration and Transportation Improvements in Iceland. *International Regional Science Review*, 38(3), 292-315. doi:10.1177/0160017613496631
- Vífill Karlsson. (2017). Íbúakönnun á Vesturlandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Sótt á: http://ssv.is/Files/Skra_0067148.pdf
- Vífill Karlsson. (2023). Margur er knár þó hann sé smár: Hvað útskýrir óvenju ólíka útkomu úr íbúakönnun nokkuð sambærilegra fámennra landsvæða eins og Dala- og V-Húnavatnssýslu? *Skýrsla SSV*, 1.